

Jöklarannsóknafélag Íslands í sjötíu ár

Magnús Tumi Guðmundsson

Jarðvísindastofnun Háskólans, Sturlugötu 7, IS-102 Reykjavík

mtg@hi.is; <https://doi.org/10.33799/jokull2021.71.149>


Það var að kvöldi miðvikudagsins 22. nóvember 1950 að haldinn var í Reykjavík stofnfundur nýs félags sem hafði það að markmiði að stuðla að rannsóknum á jöklum landsins og ferðum um þá. Stofnfélagar voru um 50. Þann 7. mars 1951 var haldinn framhaldsstofnfundur. Þar voru samþykkt lög fyrir hið nýja félag og stjórn kosin. Fyrsti formaður og aðalstofnandi félagsins var Jón Eyþórsson. Hann var veðurfræðingur og starfaði á Veðurstofu Íslands. Jón hafði þó mörg járn í eldinum og má telja hann upphafsmann skipulegra jöklarannsókna hér á landi. Jón var farsæll í störfum sínum fyrir félagið, óskoraður leiðtogi þess og gegndi formennsku allt til dauðadags, 1968.

Um 1950 voru rannsóknir á pólsvæðum að fara af stað eftir heimstyrjöldina síðari. Paul-Emile Victor, franskur könnuður, stóð fyrir rannsóknarleiðangri til Grænlands sumarið 1951 en eitt af helstu verkefnum hans var að mæla þykkt Grænlandsjökuls með endurkastmælingum. Sá möguleiki var opinn að hluti franska leiðangursins kæmu fyrst til Íslands með snjóbíla og mælitæki á leið sinni til Grænlands. Jón Eyþórsson hafði haft forgöngu um margvíslegar jöklamælingar hér á landi, hafði sporðamælingar um 1930, leitt Sænsk-Íslenska leiðangurinn ásamt Hans Almann 1936 og unnið að jöklarannsóknum með Steinþóri Sigurðssyni á Mýrdalsjökli 1943–1944. Rannsóknastofnanir hér á landi voru á þessum árum fáar og smáar og höfðu hvorki fjármuni né mannskap til að leggja í svo viðamikil og erfið verkefni sem rannsóknir á jöklum eru. Það varð því úr að setja á stofn áhugamannafélag sem hefði jöklarannsóknir að markmiði. Fyrsta verkefnið sem tengdist hinu nýstofnaða félagi var Fransk-Íslenski leiðangurinn, sem farinn var

á Vatnajökul í mars-apríl 1951, en að honum stóðu Grænlandsleiðangur Victors og Rannsóknaráð Ríkisins. Leiðin lá upp Breiðamerkurjökul og á þriggja vikna tímabili voru þykktarmælingar gerðar á 56 stöðum á Vatnajökli (Jón Eyþórsson, 1951). Leiðangurinn flutti upp í Esjufjöll efni í bragga auk þess sem efni í annað samskonar hús var skilið eftir niðri á Breiðamerkursandi. Um sumarið fór hópur fólks úr hinu nýstofnaða Jöklarannsóknafélagi upp í Esjufjöll og reisti þar braggann á nokkrum dögum. Eftir ferðina í Esjufjöll var hinn bragginn byggður á Breiðamerkursandi. Sá skáli fékk nafnið Breiðá og er elsta húsið sem enn stendur hér á landi sem byggt var með jöklarannsóknir í huga.

Þegar starfið hófst var talið að greiðasta leið á Vatnajökul fyrir leiðangra væri að sunnan, þá leið sem Fransk-Íslenski leiðangurinn fór um Breiðamerkurjökul. Var þá einkum horft til mælingaferða sem kölluðu á tæki og farangur. Snjóbílar voru að ryðja sér til rúms hér á landi og urðu þeir aðal farartækin á Vatnajökli. Segja má að 1950–1990 hafi verið tími snjóbílsins, á þeim byggðust nánast allar rannsóknarferðir á Vatnajökul á þessu tímabili. Um 1990 voru menn komnir upp á lag með að aka á snjó á breyttum jeppum á stórum dekkjum. Jöklabílar af því tagi hafa skipt miklu máli í jöklaferðum síðan. Snjóbílar hafa þó alls ekki horfið af sjónarsviðinu, þeir gegna lykilhlutverki þegar flytja þarf þungaf lutning á jöklum. Vélsleðar í núverandi mynd komu til sögunnar á sjöunda áratug 20. aldar og hafa alla tíð síðan nýst vel á jöklum.

Fyrsti snjóbíllinn sem félagið eignaðist, vísill sem hlaut nafnið Jökull I, kom til landsins í maímánuði



Hreppstjórinn (Guðmundur Jónasson, 1909–1985), húsbóndinn (Jón Eyþórsson, 1895–1968) og kapelláninn (Sigurður Þórarinnsson, 1912–1983) í jöklaferðum. Myndin af Jóni er tekinn í suðausturhorni Grímsvatnaskála, sennilega í honum nýreistum vorið 1957. Ljósni:/Photos. GJ: óþekktur, JE: Árni Kjartansson, SP: Hjálmar R. Bárðarson). – *Guðmundur Jónasson, Jón Eyþórsson and Sigurður Þórarinnsson, three prominent leaders in the Society in the first 20–30 years.*



Hulda Filippusdóttir og Ingibjörg Árnadóttir í vorferðinni 1956. Þær eru í dag heiðursfélagar JÖRFÍ. Ljósni:/Photo. Árni Kjartansson. – *From the 1956 spring expedition. Both Hulda and Ingibjörg are now honorary members of the Society.*

1952. Hefur félagið æ síðan átt farartæki til jöklaferða. Undanfarna rúma tvo áratugi hefur félagið átt öflugan pallbíl á stórum dekkjum og hefur hann nýst mjög vel. Árið 1999 gaf það síðasta snjóbílinn, sem einnig hét Jökull I en var af Bombardier gerð, til nýstofnað jöklasafns á Höfn í Hornafirði. Á 7. og 8. áratugnum átti félagið einnig Dodge Weapon bíl,

Jökla rauð, sem nýttur var til ferðalaga að og frá jökli.

Haustið 1950 fundu Guðmundur Jónasson og Egill Kristbjörnsson Hófsvað yfir Tungnaá. Upp úr því breyttust viðhorf um hvernig væri heppilegast fyrir leiðangra að komast á Vatnajökul. Norðan Hófsvaðs liggur leiðin inn að Tungnaárjökli að mestu um greiðfæra sanda. Fyrsta vorferðin fór þá leið snemmsumars



Flugmynd af skálanum í Jökulheimum í byggingu í júní 1955. Ljós- óþekktur. Innfellda myndin er tekin nokkrum dögum fyrr. Ljós-:Photo. Árni Kjartansson. – *The hut in Jökulheimar by the western edge of Vatnajökull in construction in June 1955.*

árið 1953. Þá tóku sig saman nokkrir skíða- og fjallamenn undir forystu Árna Kjartanssonar og höfðu samband við Guðmund Jónasson fjallabílstjóra og Sigurð Þórarinsson jarðfræðing. Níu manna hópur fór á Gusa, snjóbil Guðmundar og heppnaðist ferðin mjög vel (Sigurður Þórarinsson, 1953). Hafa vorferðir verið farnar alla tíð síðan, yfirleitt í lok maí eða byrjun júní. Sumarið 1955 reisti félagið skála í Jökulheimum og tveimur árum síðar annan á Eystri Svíahnjúk á Grímsfjalli. Á þessum fyrsta áratug félagsins (1951–1960) urðu til þær meginhefðir sem hafa mótað það æ síðan. Árleg vorferð á Vatnajökul þar sem unnið er að margháttuðum rannsóknum, ferðir í Jökulheima, útgáfa Jökuls og félagsstarf yfir veturinn í Reykjavík.

Gegnum árin hefur félagið átt sér bakhjarla. Fyrstu árin fengust oft fjárveitingar frá Alþingi til stuðnings einstökum verkefnum. Á löngu árabili naut

útgáfa Jökuls nokkurs styrks úr ríkissjóði. Landsvirkjun og Vegagerðin hafa stutt við félagið um áratugi, enda skiptir staðgóð þekking á jöklunum og hætum sem frá þeim stafa miklu máli fyrir báða aðila. Félagið á nú einnig í samstarfi við Neyðarlínuna um aðstöðu fyrir fjarskipti á Vatnajökli. Samstarf við þessa aðila hefur verið farsælt og félaginu til hagsbóta.

Rannsóknir og mælingar

Allt frá upphafi hafa áherslur félagsins verið á rannsóknir og aðstöðu til rannsókna. Þar eru tvö svið sem hafa verið fyrirferðamest. Annað eru margskonar rannsóknir á Vatnajökli, með verulegri áherslu á Grímsvötn, og hitt eru mælingar á legu jökulsporða um allt land.

Í hinum árlegu vorferðum hafa í hópnum verið sjálfboðaliðar og vísindafólk. Fram undir 1980 var



Snjóbíll í gjótu neðst á Tungnáárjökli í vorferð. Jökull 2 fyrir aftan. Í baksýn er Nýjafell. Ljósmynd: Magnús Jóhannsson. – *Snowcat stuck near the edge of Tungnáárjökull in a spring expedition.*

algengast að í ferðinni væru 10–15 manns. Eftir það fór þátttakendum að fjölga og mörg undanfarin ár er algengt að þátttakendur séu 20–25. Síðan 1997 hafa stundum verið farnar tvöfaldar ferðir sem staðið hafa í tvær vikur þar sem hvor vika hefur haft sína áhöfn. Sennilega hafa þó aldrei fleiri farið í vorferð en 1959. Eftir vel heppnaðar ferðir á Vatnajökul árin á undan, þar sem byggst hafði upp mjög öflugur kjarni, var tekið sú ákvörðun að gefa fleirum tækifæri til að kynnast undraheimi jökulsins. Farnar voru þrjár ferðir á tímabilinu 22. maí–23. júní, þar sem hver hópurinn tók við af öðrum með samtals 59 þátttakendum, 32 körlum og 27 konum (Magnús Jóhannsson o.fl., 1959). Í þeim ferðum steig margt jöklaflólk sín fyrstu en ekki síðustu spor á jökli.

Á þeim sjö áratugum sem liðnir eru frá stofnun Jökklarannsóknafélagsins hafa aðstæður og umfang

rannsóknna tekið miklum stakkaskiptum. Í dag starfar nokkur hópur vísindafólks að jökklarannsóknnum hér á landi. Innlendir og erlendir vísindastofnanir nýta þá aðstöðu sem félagið hefur byggt upp á Grímsfjalli, m.a. fyrir vöktunarkerfi sem fylgjast með virkum eldstöðvum undir Vatnajökli. Í upphafi var ekkert af þessu fyrir hendi. Engin leið er í stuttri grein eins og þessari að gera rannsóknasögu jöklanna og landsins undir þeim fullnægjandi skil. Framan af voru flest þessi verkefni unnin með beinni hjálp félagsins. Umfang rannsókna hefur margfaldast á seinni árum og algengt að skálar félagsins og önnur aðstaða nýtist vísindahópum. Hér á eftir verða nefnd nokkur atriði þar sem vorferðir og önnur aðstaða félagsins hefur skipt verulegu máli. Þó heimilda sé getið á nokkrum stöðum er aðeins um að ræða örlítið sýnishorn af því sem skrifað hefur verið og hvergi vitnað í hreinræktaðar



Úr vorferð 1968, síðustu ferðinni þar sem fara þurfti yfir Tungnaá á Hófsvaði. Áin var svo mikil að hópurinn varð að bíða á annan sólarhring áður en fært var yfir. Fremst til vinstri er Sigurður Þórarinnsson að taka mynd. – *The large river Tungnaá had to be crossed at a ford in the 1950s and 1960s. The photo shows the last crossing by a spring expedition in 1968. The man taking a photo is Sigurður Þórarinnsson. Ljósni./Photo. Hjálmar R. Bárðarson.*

vísindagreinar. Flestar heimildirnar eru úr tímaritinu Jökli og ættu því að vera aðgengilegar þeim sem áhuga hafa.

Fyrstu 20 árin byggðist upp þekking og skilningur á Grímsvötnum, hvernig íshellan reis jafnt og þétt milli hlaupa og seig síðan í jökulhlaupum. Mælingar í vorferðum hafa veitt mikilvægar upplýsingar um afkomu Vatnajökuls. Nákvæm yfirborðssnið eftir völdum línun voru landmæld á Tungnaárjökli og milli Grímsvatna og Kverkfjalla á 7. og 8. áratugnum. Þyngdarmælingum var beitt á Vatnajökli 1964 til að meta ísþykkt. Mælingar á hita í hjarninu voru íð og haustið 1960 staðfestu að Vatnajökull var þíðjökull (Sigurjón Rist, 1960). Borunin sumarið 1972 var ákaflega merkilegt framtak, þegar 415 m langur ískjarni náðist úr suðurhlíðum Bárðarbungu (Páll Theodórsson 2001). Hann mun enn þann dag í dag

vera lengsti ískjarni sem tekinn hefur verið í þíðjökli í heiminum. Önnur þáttaskil urðu þegar leið á 8. áratug 20. aldar og íssjáin kom til sögunnar. Frá 1980 fram undir aldamótin 2000 var botn íslenskra jökla kortlagður með íssjáinni í samstarfi Raunvísindastofnunar Háskólans við Landsvirkjun, Vegagerðina og fleiri aðila (Helgi Björnsson, 2009). Samhliða urðu til nákvæmari kort af yfirborði jöklanna en verið höfðu til fram til þess tíma, enda náðu landmælingar herforingjaráðsins danska á árunum 1903–1938 ekki nema að litlu leyti til jöklanna. Á 9. áratug 20. aldar var komið upp sjálfvirkri rannsóknastöð á Grímsfjalli. Borað var eftir gufu og hún nýtt með Peltier tækni til að framleiða rafmagn sem dugði fyrir jarðskjálftamæli og önnur tæki. Árið 2002 kom félagið sér upp diesel-rafstöð á Grímsfjalli og er hún nú rekin í samvinnu við Neyðarlínuna. Stöðin sér margvís-

legum vöktunarbúnaði fyrir afli og tryggir fjarskipti á svæðinu með Tetra kerfinu.



Bárðarbunguborunin 1972 var tæknilegt afrek þar sem sjálfbóðaliðar JÖRFÍ gegndu mikilvægu hlutverki. Hér eru forkólfar borunarinnar, þeir Bragi Árnason efnafræðingur (1935–2017) og Páll Theodórsson eðlisfræðingur (1928–2018) á borstað. – *At the drill site during the extraction of the 415 m long ice core on the southern slopes of Bárðarbunga in 1972. Ljósmynd: Jón Örn Bjarnason.*

Haustið 1996 dró til tíðinda í Vatnajökli þegar eldgos varð í Gjálpi milli Grímsvatna og Bárðarbungu. Í kjölfarið kom stórhlaup á Skeiðarársandi sem tók m.a. brúna á Gígjukvísl. Með Gjálpargosinu lauk kyrrlátasta tímabili í eldgosasögu Vatnajökuls síðan á 16. öld. Svæðið tók við sér svo um munaði og hafa

orðið þrjú Grímsvatnagos frá 1998 og veturinn 2014–2015 varð öskjusig í Bárðarbungu samhliða störgosi í Holuhrauni norðan Dyngjujökuls. Öll þessi umbrot hafa haft veruleg áhrif norðvestanverðan Vatnajökul og Grímsvötn. Félagið tók þá ákvörðun að beita sér að fullum krafti í rannsóknum á eldgosunum og áhrifum þeirra á jökulinn. Frá 1997 hafa þær rannsóknir verið viðamiklar í vorferðum þar sem öflug þátttaka sjálfbóðaliða félagsins hefur skipt miklu máli. Einnig hafa afkomumælingar verið stór þáttur í mælingaferðum félagsins, einkum á Vatnajökli. Skipulegar afkomumælingar á Mýrdalsjökli hafa staðið nokkuð samfelld undanfarið 20 ár. Eru þær að forgöngu félagsins og með fullri þátttöku sjálfbóðaliða. Um þessar ferðir má lesa í skýrslum sem birtar eru árlega í Jökli eða í fréttabréfinu, en það hefur komið út óslitið frá 1984.


Sporðamælingar hófust löngu fyrir stofnun JÖRFÍ en með tilkomu félagsins urðu þær eitt af verkefnum þess. Sögu þeirra eru gerð skil í grein sem birtist í 70. árg. Jökuls (Hrafnhildur Hannesdóttir o.fl., 2020). Sporðamælingarnar hafa alla tíð verið bornar uppi af sjálfbóðaliðum. Vert er í því sambandi að geta hlutar heimafólks í byggðum í nágrenni jöklanna, einkum við mælingar á skriðjökulum Vatnajökuls austan Skeiðarársands, Drangajökli og Snæfellsjökli. Mælingarnar rekja samfellda sögu jöklarýrnunar á Íslandi undanfarið 90 ár. Áhrif hraðrar hlýnunar andrúmsloftsins koma sterkt fram í sporðamælingunum.

Skálar

Jón Eyþórssyni var vel ljóst að miklu skipti að koma upp aðstöðu fyrir leiðangra við jöklana og inni á þeim. Í Sænsk-Íslenska leiðangrinum og rannsóknunum á Mýrdalsjökli á 5. áratugnum var vistin á jöklinum oft strembin þar sem orkan fór að verulegu leyti í basl í illviðrum í tjöldum eða snjóhúsum. Jón taldi því mikilvægt að reist yrðu hús sem auðvelduðu jöklaferðirnar. Braggarnir í Esjufjöllum og á Breiðamerkursandi risu eins og fyrr segir á fyrsta ári félagsins (Jökull, 1951) og skálarnir í Jökulheimum og á Eystri Svíahnjúk á Grímsfjalli komu 1955 og 1957. Á árunum fram til 1970 var aðstaðan í Jökulheimum stórbætt með bílageymslu, eldsneytisgeymslu og nýjum og stærri skála.



Skálar JÖRFÍ. Inn á myndirnar eru sett byggingarár þeirra, en sumir hafa verið stækkaðir og endurbættir síðan.
– The huts built and owned by the society.



Nýjustu mælingar á Reykjarfjarðarjökli á Ströndum. Sporðamælingar hófust löngu fyrir stofnun JÖRFÍ og hafa haldið áfram fram á þennan dag. – *Example of surveying of glacier variations, Reykjarfjarðarjökull in NW-Iceland.* Ljós./Photo. og kort:/map. Ragnar Heiðar Þrastarson.

Á áttunda áratugnum risu fjórir litlir skálar. Nýr skáli var fluttur fullbúinn í Esjufjöll 1977, í stað braggans en hann fauk og eyðilagðist veturinn 1967. Það sama vor var einnig fluttur skáli í Kverkfjöll, sömu gerðar og í Esjufjöllum. Tveimur árum síðar komu skálarnir við Fjallkirkju í Langjökli og á Goðahnjúkum. Skálinn sem byggður var 1957 á Grímsfjalli er traustur og hefur nýst vel alla tíð. Hann var hinsvegar of lítil til að hýsa heila vorferð og hluti hópsins svaf yfirleitt í tjöldum. Bylting varð í allri aðstöðu á Grímsfjalli vorið 1987 þegar nýi skálinn, 60 fermetra hús, var fluttur þangað fullbúinn. Á engan er hallað þó nefnd séu nöfn þeirra Stefán Bjarnasonar og Jóns Ísdals í sambandi við það mikla átak sem húsbyggingarnar 1977–1987 voru, en þeir stýrðu verkefnum. Skálarnir voru allir smíðaðir við hús Jóns og Erlu í Garðabæ og laugardagar nýttir í verkið.

Vorið 1994 kom svo vélageymslan, þriðja húsið á Grímsfjalli. Í húsinu er salerni, gufubað og rými fyrir margvíslegan búnað. Þar er nú ljósavél sem sér skálanum fyrir rafmagni, auk þess að leggja til orku fyrir hin margvíslegu tæki og búnað sem á fjallinu eru til að vakta landið.

Í Esjufjöllum getur gert mikil óveður með firna-sterkum vindi af norðvestan. Snemma árs 1999 tók

eitt slíkt veður skálann sem þar var settur niður 1977, reif hann í heilu lagi af undirstöðunum svo hann tvístráðist. Nýtt hús var byggt og flutt á staðinn vorið 2002. Það hús er bæði með axlabönd og belti ef svo má að orði komast, því það er rækilega fest ofan á miklar grjótpulsur auk þess sem að vírar binda það niður á akkeri á öllum hornum.

Öll vinna við skálana, smíði þeirra og viðhald er unnin í sjálfboðavinnu. Sama á við um bílana, viðgerðir og viðhald. Það hefur verið gæfa félagsins að innan þess hefur hópur hæfileikafólks á mörgum sviðum fundið sér vettvang sem er krefjandi en um leið áhugaverður og gefandi. Hina góðkynja jöklabakteríu er erfitt að losna við eftir að hún hefur náð tökum á fólki. Áratuga reynsla sýnir líka að þessi baktería er holl og hliðarverkanir hennar til góðs.

Jökull

Fyrsta hefti Jökuls kom út 1951. Var það að miklu leyti helgað Fransk-íslenska leiðangrinum og niðurstöðum hans. Hefur Jökull komið út óslitið síðan. Sérstaða Jökuls hefur frá upphafi verið að hann er í senn ritrýnt vísindatímarit og félagsrit JÖRFÍ. Vísindaritíð hefur þó verið umfangsmeira, enda hafa á þessu 70 ára tímabili birst yfir 400 ritrýndar greinar í Jökli. Frá því eftir miðjan 8. áratug 20. aldar hefur Jarðfræða-



Jökull kom út strax á árinu 1951. Þar hafa birst yfir 400 vísindagreinir auk margvíslegra frásagna af jöklaferðum, ásamt skýrslum um sporðamælingar, vorferðir og starf JÖRFÍ og JFÍ gegnum árin. – *The annual publication of Jökull began in 1951. About 400 scientific papers have been published on research in earth sciences as well as various reports and stories related to glacier studies.*

félag Íslands komið að útgáfunni ásamt JÖRFÍ. Um 20% allra ritrýndra fræðigreina sem birst hafa í Jökli frá upphafi eru á sviði jöklafræði en um 80% fjalla um margvísleg rannsóknarefni í jarðfræði Íslands. Langflestar greinarnar í Jökli fjalla um jarðfræði og jöklafræði Íslands. Á bak við útgáfu Jökuls öll þessi ár liggur fórnfús vinna ritstjóranna. Enginn hefur gengt starfi aðalritstjóra lengur en Bryndís Brandsdóttir sem nú hefur haldið utan um Jökul í þrjá áratugi.

Jöklamenning

Hvað er það sem heldur saman félagi sem sumum utanaðkomandi þykir stundum heldur lokað og sérstætt? Það er staðreynd að fátt hristir fólk betur saman en að vera í góðum hópi í hinni hvítu veröld jökulsins. Jöklaferðin fær sitt eigið líf. Vinahópar myndast.

Þannig hefur Jöklafræðingafélagið verið lengst af. Sigurður Þórarinnsson var duglegur að fara vorferðir og í soféti á Grímsfjalli orti hann ýmsa af sínum þekktari söngtextum. Einnig bjó hann til marga texta og ljóð um jöklaferðir og jöklafolk, gaf út í Grímsvatnagrallarannum á 25 ára afmæli félagsins 1975 og tiltók þar að það bókarkorn ætti ekki erindi út fyrir félagið. Við það hefur verið staðið síðan enda Grallarinn aðeins til sölu fyrir félagsmenn. Á jöklinum urðu til viðurnefni, titlar og hefðir. Skilgreindur var Grímsvatnahreppur. Þar áttu sitt annað heimili húsbóndinn (Jón Eypórsson), hreppsstjórinn (Guðmundur Jónsson) og kapelláninn (Sigurður Þórarinnsson). Við sögu komu einnig Dóri þrællinn og Maggi toppur svo einhverjir séu nefndir. Hugrenningasýndir voru syndum verstar. Þær voru hugrenningar sem ekki var hrint í

Jökull 1 - JÖRFÍ 1953-1970



Gusi - Guðmundur Jónasson 1952-1971



Bombinn - JÖRFÍ 1972-1992



Jaki - Landsvirkjun 1975-1983



Doddi - JÖRFÍ 1997-2002



Hägglund 1 og 2 - Landsvirkjun 1984-2004



Jöklarauður - JÖRFÍ 2002-



Boli - HSSR 2006-



Nokkrir snjóþílar og jöklaþílar sem gegnt hafa lykilhlutverki gegnum árin (ártölin vísa til notkunar í ferðum félagsins). – *Vehicles that have played a major role in the spring expeditions of the society.* Ljósmynd./Photos: Jökull 1 og Gusi: Árni Kjartansson, Bombinn: Bryndís Brandsdóttir, Jaki: Hannes Haraldsson, Doddi og Jöklarauður: MTG, Hägglund og Boli: Finnur Pálsson.



Á heimleið eftir sérstaka ferð á Grímsfjall til að fagna 50 ára afmæli Grímsvatnaskála (eldri) í lok vorferðar 2007. Frá vinstri: Greinarhöfundur, Ingibjörg Árnadóttir, Haukur Hafliðason, Magnús Hallgrímsson (1932–2020), Ólafur Nielsen, Hulda Filippusdóttir, Árni Kjartansson (1922–2017), Auður Ólafsdóttir (1934–2021), Stefán Bjarnason og Halldór Ólafsson. – *In Jökulheimar, after celebrating the 50th anniversary of the old hut at Grímsvötn, during the June 2007 spring expedition. Ljósni:/Photo. Anna Línal.*

framkvæmd. Fjársektir lágu við hugrenningasyndum og úrskurðum dómarans (Margrétar Halldórsdóttur) varð ekki áfrýjað. Hinsvegar mun innheimtu sekta lítt hafa verið fylgt eftir. Ekki er lengur sektað fyrir hugrenningasyndir, dómarinn ekki lengur við störf og því fólki sem tilheyrði kynslóð frumherjanna fer fækkandi. Hefðir í jöklaferðum þróast með tímanum eins og annað. Maður kemur í manns stað og þannig hefur það verið í þessu félagi. Það eina sem virðist vera eilíft er sjálf jöklabakterían. Henni er haldið niðri með heimsóknum á jökla og una þá allir glaðir við sitt, bakterían og við sjálf. Vonandi verða málin áfram í því horfi um ókomin ár.

Þakkir

Þórdís Högnadóttir setti saman myndir af forsíðum úr Jökli, skálum félagsins og bílum.

Summary

The Iceland Glaciological Society was founded in November 1950. The aim was to enhance glaciological research in Iceland and encourage travel and exploration on the glaciers. The principal founder of the society was meteorologist Jón Eypórsson. The society had just over 50 founding members but the membership quickly grew to a few hundred. The first spring expedition to Vatnajökull took place in 1953, with an annual expedition taking place every year since. Huts were built in Esjufjöll and Breiðamerkursandur in the summer of 1951. A hut was built in Jökulheimar in 1955, an important base for travels to Vatnajökull from its west side. The hut at Eystri Svíahnjúkur was erected two years later, on the southern rim of the Grímsvötn caldera in the center of Vatnajökull. More huts were built later. This included enhancing the two



Undanfarin aldarfjórðung hafa tíð eldgos í Vatnajökli og breytingar sem af þeim stafa verið fyrirferðamikil í voferðum JÖRFÍ. Hér er siglt á gúmmibát í vorferð 2012 um lónið sem myndaðist í kjölfar gossins í maí 2011. – *Surveying in an inflatable boat within the large ice cauldron that formed during the 2011 eruption in Grímsvötn.* Ljósmynd: Photo. MTG.

main bases of Jökulheimar (has four buildings) and Grímsfjall (three buildings). Research has mainly focussed on the Vatnajökull glacier and the land underneath it, as well as monitoring the growth and retreat of outlet glaciers in Iceland which is work carried out by volunteers. Over the last 25 years, volcanic activity under Vatnajökull and its effect on the glacier has been a major focus in the spring expeditions. The Society, in collaboration with the Geoscience Society of Iceland, publishes the journal *Jökull*, and has done so for seven decades. The success of the society in furthering its aims is based on the skills and engagement of its volunteering members. The collaboration and companionship built in the various expeditions is one of the pillars of the Iceland Glaciological Society.

Heimildir

- Helgi Björnsson 2009. *Jöklar á Íslandi. Bókaútgáfan Opna*. Reykjavík, 479 bls.
- Hrafnhildur Hannesdóttir, Oddur Sigurðsson, Bergur Einarsson og Snævarr Guðmundsson 2020. Að fóstura jökul. *Jökull* 70, 87–109.
- Jón Eypórssón 1951. Fransk-íslenski leiðangurinn, marz-apríl 1951. *Jökull* 1, 10–14.
- Jökull* 1951. Breiðá. *Jökull* 1, bls. 9.
- Jökull* 1951. Esjufjöll. *Jökull* 1, bls. 8.
- Magnús Jóhannsson, Sigurður Þórarinnsson, Jón Eypórssón 1959. Vatnajökulsferðir voríð 1959. *Jökull* 9, 33–40.
- Páll Theodorsson 2001. Djúpborun í Bárðarbungu 1972. Minningabrot. *Jökull* 50, 109–118.
- Sigurður Þórarinnsson 1953. The Grímsvötn expedition June-July 1953. *Jökull* 3, 6–23.
- Sigurjón Rist 1960. Rannsóknir á Vatnajökli 1960. Hita-mælingar, snjómælingar o.fl. *Jökull* 10, 1–11.